






HVAÐ ER “JÁKVÆÐUR AGI”

- Uppeldisstefna byggð á sjálfstjórnarkenningunni
 - þess vegna náskyld Uppbyggingarstefnunni
- Jane Nelsen;
 - Hvernig í ósköpunum datt okkur í hug að til þess að okkur “gangi betur” þurfi okkur fyrst að líða illa?
 - Mistök eru tækifæri til að læra...!!
 - Bakvið alla hegðun eru markmið og orsakir



**Hvernig dettur okkur í hug
að til þess að byggja eitthvað upp
þurfum við fyrst
að brjóta það niður?**



Mistök eru

frábært tækifæri

til að læra



**Okkur gengur betur
þegar okkur líður betur**


TVÆR VÍDDIR – MJÖG GRÓF FLOKKUN

	Hefðbundin atferlismótun	Sjálfsstjórnar-kenningar
Höfundar	Pavlov, Thorndike, Skinner	Adler, Dreikurs, Glasser, Nelsen...
Hvað stýrir hegðun?	Fólk bregst við umbun og refsingu í umhverfinu	Fólk er knúið áfram af innri þörfum – að tilheyra....

Hvenær höfum við mest áhrif	Þegar við bregðumst við hegðun á jákvæðan eða neikvæðan hátt	Þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu
Hver eru áhrifamestu verkfærin	Stjórn, umbun og refsing	Samhygð, skilningur, þrautalausnir, festa og ást
“Virðing” er...	Hlýðni og samþykki gagnvart þeim fullorðna	..gagnkvæm, í samskiptum eiga allir aðilar skilið virðingu

Viðbrögð við “óviðeigandi” hegðun	Aðfinnsla, ámæli, refsing, einangrun	Leitað orsaka, leitað lausna, eftirfylgni, upplifun afleiðinga...
Viðbrögð við “hættulegri” hegðun	Aðfinnsla, ámæli, refsing, einangrun	Skýr eftirfylgni, upplifun afleiðinga? Jákvæð einvera
Nám fer fram þegar	Hinn fullorðni stýrir hegðun nemandans	Barn upplifir tilgang, sjálfsstjórn, þátttöku.....

TVÆR VÍDDIR





JÁKVÆÐUR AGI

Byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi



AF HVERJU EKKI ATFERLISMÓTUN

- Horfum frekar á orsakir hegðunarinnar
- Vörumst það sem virkar!???
- umbun og refsingar virka vissulega en hafa slæm langtímaáhrif
- Hver ber ábyrgð á hegðun nemandans?
- Þurfum við alltaf að vera að “grípa þau góð” eða “standa þau að verki”...???
- Hvað gerist þegar við erum ekki nálægt?
 - samt halda því sem við kunnum...



LÍKT OG ÓLÍKT MEÐ UPPBYGGINGU

○ Líkt:

- Sama grundvallarhugsunin
- hugað að þörfum einstaklingsins, leitað inn á við, orsaka leitað

○ Ólíkt

- Mjög mikil áhersla á bekkjarfundi
- “verkfærakistan”
- Mikil áhersla á eina af þörfunum
 - að tilheyra – tæki til að greina orsakir hegðunar





HVAR HENTAR J.A. ?

- Ekki mikil trú á atferlismótunaraðferðum, lítill vilji til að beita refsingum og umbunum
 - Vilji til samstarfs við nemendur og umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum
 - Hefð fyrir bekkjafundum – trú á bekkjafundum
 - Fólk tilbúið til að gefa sér tíma til að láta hlutina virka.... prófa sig áfram, taka áhættu...
-
- Glerárskóli, Hrafnagilsskóli, Naustaskóli, Naustatjörn
 - Fleiri skólar að slást í hópinn?







HVAÐ VILJUM VIÐ KENNA?

- Sjálfstraust. (Viðhorf nemanda: "Ég get") Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómar um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- · Að tilheyra (Viðhorf nemanda: "Ég tilheyri og mín er þörf"). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.
- · Áhrif. (Viðhorf nemanda: "Ég hef áhrif á umhverfi mitt og líf"). Nemendur munu reyna að hafa áhrif – til góðs eða ills! Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu.



HVAÐ VILJUM VIÐ KENNA?

- Innsæi / tilfinningagreind. Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsaga, sjálfstjórn og að læra af reynslunni. Börn eru tilbúnari til að hlusta ef hlustað er á þau!.
- · Samskiptahæfileikar. Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.





HVAÐ VILJUM VIÐ KENNA?

- · Ábyrgð. Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika. (Ef við leggjum ekki áherslu á refsingar eru nemendur tilbúnari til að axla ábyrgð á gerðum sínum...?)
- · Dómgreind. Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati. Nemendur þróa með sér góða dómgreind þegar þeir hafa tækifæri og hvatningu til að æfa sig í að meta kosti og taka ákvarðanir í umhverfi sem leggur áherslu á viðleitnina til að gera betur.



HVERNIG VIRKAR HEILINN??



Þegar við erum í ójafnvægi – hrædd, stressuð, reið o.s.frv – þá taka “frumstæðari hlutar” heilans völdin. Þá náum við ekki að setja hlutina í samhengi, taka tillit til annarra o.s.frv – við náum ekki að hugsa rökrétt!



Drögum okkur í hlé
þegar við erum í **ójafnvægi**



og náum aftur góðu **jafnvægi**





- Við ætlum okkur að skapa “öruggt umhverfi”
 - Þá skipta skoðanir okkar og viðhorf gríðarlegu máli
 - Er okkur sama um nemendur?
 - að hafa gát á rödd og framkomu
 - að hlusta og taka alvarlega
 - að njóta starfsins
 - að fagna fjölbreytileika nemenda
 - að taka aldur nemenda með í reikninginn
 - að hafa húmor...!!
 - að virða það að nemendur “eiga sér líf”
 - að hafa nemendur með í ráðum
 - Er þess virði að taka tíma í þetta?



Segðu mér - ég gleymi

Kenndu mér - ég man

Leyfðu mér að taka þátt og ég læri



HINDRANIR OG HLIÐ

- Hindrun 1; að gera ráð fyrir
 - Hlið 1; að athuga
- Hindrun 2; að bjarga og útskýra
 - Hlið 2; að hjálpa við að kanna
- Hindrun 3; að leiðbeina of mikið
 - Hlið 3; að bjóða og hvetja
- Hindrun 4; að búast við
 - Hlið 4; að fagna framförum
- Hindrun 5; að “fullorðinsgera”
 - Hlið 5; að virða líf/hugarheim/forgangsröð





○Bekkjafundur



Dagskrá

gæðahrings/bekkjafundar

1. Við myndum hring

**2. Við hrósum
og þökkum**

**3. Við förum yfir
fyrri ákvarðanir**

4. Við tökum fyrir mál:

- a. Deilum tilfinningum og skoðunum – aðrir hlusta
- b. Ræðum án þess að leysa – fáum fram hugmyndir
- c. Veljum lausnir

**5. Við tökum fyrir
önnur mál og verkefni**

**6. Við ljúkum fundinum
á jákvæðan hátt**



Dagskrá *barnafunda*

1. Við myndum hring

2. Við veitum hvatningu og þökkum

Við kennarar getum notað opnar spurningar til að hjálpa börnunum
að veita hvatningu eða þakklæti

3. Við styrkjum börnin í að hjálpa hvert öðru

Börnin fá tækifæri til að biðja um aðstoð
ef eitthvað hvílir á þeim

4. Við leysum vandamál sem hafa áhrif á hópinn

5. Við gerum áætlanir fram í tímann

Tekin er sameiginleg ákvörðun um hvað gert verður
eða sameiginlegar reglur fyrir hópinn ákveðnar

6. Við ljúkum fundinum á jákvæðan hátt



ÁTTA MEGINÞÆTTIR INNLEIÐINGAR....



- Að læra að mynda hring
- Að æfa hrós og viðurkenningar
- Að búa til dagskrá
- Að móta/þróa samskiptahæfnina
 - hlusta / skiptast á / ég-boð
- Að læra um mismunandi skynjun/veruleika
- Að læra um (fjórar) ástæður þess að fólk gerir það sem það gerir
- Að æfa hlutverkaleiki og hugstormun
- Að einbeita okkur að lausnum án refsinga

FJÓRAR ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ FÓLK GERIR ÞAÐ SEM ÞAÐ GERIR



- Athygli
 - Vald
 - Hefnd
 - Uppgjöf
- Við leitumst við að greina orsakir hegðunarinnar út frá okkar eigin tilfinningum – og leita leiða til að vinna með orsakirnar, ekki bara hegðunina..



VIRKA JÁKVÆÐAR LAUSNIR?



- Umræða sem byggð er á virðingu getur oft dugað til að stoppa hegðun af – nemandinn skilur hvaða áhrif hann hefur á aðra og nemendur upplifa að þeir “tilheyri” ef þeir eru meðhöndlaðir af virðingu af kennaranum og hópnum
- Nemendur fá ekki venjulega “umbun”
- Jákvæður félagslegur þrýstingur



RÖKRÉTTAR AFLEIÐINGAR HEGÐUNAR...

- Ef afleiðingin er ekki augljós þá er hún líklega ekki rökrétt
- Afleiðingarnar eiga að hjálpa og leiðrétta en ekki vera særandi eða meiðandi
- Það eru ekki alltaf rökréttar afleiðingar!!
- Gott að virkja krakkana til að finna RA
- Helst að ákveða RA fyrirfram
- Ath; tækifæri-ábyrgð-afleiðingar
- Jafnvel gott að gefa valkosti um RA
- Forðast “og hafðu þetta svo!”



LAUSNIR OG AFLEIÐINGAR ÞURFA AÐ VERA;



○ Augljósar

- Það þarf að liggja beint við hverjar afleiðingarnar eiga að vera ef “beita á” afleiðingum

○ Yfirvegaðar

- Engan æsing!

○ Upplýstar

- Best er ef búið er að ákveða fyrirfram hverjar afleiðingarnar eiga að vera, þetta er oftast hægt því við erum jú að fást við sömu málin aftur og aftur...



HAGNÝT RÁÐ VARÐANDI BEKKJARFUNDI



- Best er að hafa bekkjarfundi sem oftast, það er betra að hafa 10-20 mín fund á hverjum degi en 30-50 mínútna fund einu sinni í viku.
- Myndið hring, takið tíma í að æfa það ef þarf – hringurinn er nauðsynlegur!
- Einbeitið ykkur að lausnum frekar en afleiðingum
- Látið hlut ganga um hringinn
- Leyfið nemanda sem setti mál á dagskrá eða nemanda sem málið snýst um að velja lausnina frekar en að kjósa um lausn
- Gefið ykkur og nemendum tíma til að læra og þjálfast og treystið aðferðinni til að virka!





○ Verkfærin í kennslustofunni



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI

○ Takmarkaðir valkostir

- nemendum gefið tækifæri til að velja milli (oftast) tveggja *viðeigandi og ásættanlegra* kosta
 - Viltu lesa þessa bók eða þessa bók?
 - Viltu byrja á stærðfræðinni eða íslenskunni?

Hvað gerum við ef nemandinn vill ekki velja eða velur eitthvað sem ekki er í boði?



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI

- Hlutverk í kennslustofunni
 - gefa nemendum tækifæri til að leggja sitt af mörkum og skipta þannig máli – tilheyra
 - hugstormun til að finna nægileg verkefni og hlutverk handa öllum
 - gott að láta hlutverkin “rótera”
 - vökva plöntur, raða bókum, stjórna röðinni, sópa, þurrka af borðum, bjóða góðan dag.....hafa yfirumsjón með hlutverkum!



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI




○ Þrautalausnir – sáttastöðvar

- 1. hunsa vandamálið
 - ganga burt
 - kæla sig niður (jákvæð einvera?)
- 2. skiptast á sjónarmiðum
 - tjá og hlusta á tilfinningar hins aðilans
 - taka ábyrgð á sínum hluta
 - lýsa því hvað viðkomandi er tilbúinn að gera til að leysa málið
- 3. finna sameiginlega lausn
 - hugstorma – finna hugmyndir að lausnum
 - velja þá lausn sem hentar öllum best
- 4. setja málið á dagskrá bekkjarfundar
 - ráðfæra sig við fleiri
 - fá hugmyndir frá öllum í bekknum



LAUSNAHJÓLIÐ



Þegar við gerum mistök er best að:

V – viðurkenna

ég gerði mistök

A – afsaka
ég biðst afsökunar/fyrirgefningar

L – leysa
getum við fundið lausn?



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Eftirfylgni með virðingu og reisu
 - Notaðu 10 orð eða færri – meina það sem við segjum!
 - Best að vera búin að ákveða lausnir, afleiðingar, tímamörk eða aðstæður fyrirfram
 - Halda sig við það sem maður var búinn að ákveða og minna á samkomulagið (reglurnar)

Snýst allt um að halda ró sinni ☺





**Kennum börnum lífsleikni
með góðvild og festu
í stað þess
*að dæma, skamma og lítilsvirða***





VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI

- Spyrja (ekki segja) hvað, hvers vegna og hvernig?
 - Við erum of oft að segja nemendum hvað gerðist eða eigi að gerast, hvers vegna og hvernig það snerti þá
 - athuga mikilvægi þess að hlusta;
 - af hverju skilaðirðu ekki verkefninu?
 - (höfum við áhuga á svarinu?)
 - Ég sé að þú skilaðir ekki verkefninu, hvað gerðist?
 - Hvers vegna?
 - Hvernig líður þér, hvað dettur þér í hug til að leysa það



Opnar spurningar:

Hvað gerðir/sagðir þú?

Hvað finnst þér um það sem gerðist?

Hvað gerðist næst?

Hvað heldurðu að hafi orsakað þetta?

Hvað hefurðu lært af þessu?

Hvernig gætirðu leyst þetta mál?

Hvað gætirðu gert öðruvísi næst?



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Leiðbeinandi spurningar
 - Hverjum finnst of mikill hávaði hérna inni?
 - Hverjum finnst það ekki?
- Mjög oft er nóg að spyrja til að vekja nemendur til umhugsunar og breyta hegðun



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI

- Að gera ekkert (augljósar afleiðingar)
 - Stundum er einfaldlega best að gera ekkert í staðinn fyrir að reyna að bregðast við öllu og laga allt....
 - Ath: það er raunverulegur valkostur og getur verið meðvituð aðgerð að gera ekkert ☺



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Að ákveða hvað ÞÚ gerir
 - við getum bara stjórnað okkar eigin hegðun!
 - mikilvægt að vera sæmilegar fyrirmyndir
- Tengist eftirfylgnihlutanum





Jákvæður agi er að sýna ***góðvild***
og festu á sama tíma



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Að segja “nei” með virðingu og reisu
 - það er í lagi að segja nei – en notist í hófi!
 - Stundum er ekkert annað svar í boði og þarf heldur ekki að útskýra af hverju því nemendur vita það
- segja frekar já þegar / já ef... ??



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Framkvæma meira – tala minna
 - erum við að nota sömu fyrirmælin aftur og aftur án árangurs – nöldra?
 - stundum árangursríkara að ganga hreint til verks og “stýra” nemendum



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI



- Að setja alla í sama bátinn
 - láta alla málsaðila leysa málin sameiginlega



Leitum ávallt lausna



VERKFÆRIN Í KENNSLUSTOFUNNI

○ Jákvæð einvera...

- getur verið einn af valkostunum sem hægt er að bjóða nemendum upp á
- Time-out þarf ekki að vera refsing eða neikvæður staður – og á helst ekki að vera það
- hægt að útbúa jákvætt umhverfi þar sem börnin geta látið sér líða betur
 - því ef þeim líður betur, þá gengur þeim betur!!



LAUSNATEYMI

- Kennarar þurfa að hjálpast að við að finna lausnir
- Reglulegir fundir...
- Hjálpargögn....



Samvinna borgar sig!

